

Náttúran í nýju ljósi

Fiskar

Örstutt um myndbandið: Í myndbandinu er ferðast um undirdjúpin og 50 milljón ára saga fiska skoðuð. Farið er um framandi umhverfi og fjölbreytt lífríkið kannað.

Efnisráður: Ríki hafsins nær yfir þrjá fjórðu af yfirborði jarðar. Tegundir lífvera í sjónum eru fleiri en allar tegundir fugla, skriðdýra, froskdýra og spendýra samanlagt. Þó fiskar séu margvíslegir eiga þeir ýmis grunneinkenni sameiginleg og er fjallað ýtarlega um í þau í myndbandinu. Öllum fiskum er skipt í beinfiska og brjóskfiska auk þess sem fiskar eru greindir í tvo ólíka og skýrt afmarkaða hópa, þe. ferskvatnsfiska og saltvatnsfiska. Nokkrir fiskar fara yfir þessa línu og er konungur fiskanna, laxinn, þar fremstur í flokki, og er fylgst með lífshlaupi hans.

Markmið/meginviðfangsefni:

- Að þekkja sameiginleg einkenni fiska og hvað greinir þá frá öðrum hryggdýrum
- Að gera geinarmun á ferskvatns- og saltvatnsfiskum og bein- og brjóskfiskum
- Að geta útskýrt hvernig fiskar eru aðhæðir lífi í vatni

Helstu atriði og hugtök:

- hreistur
- tálkn
- sundblaðra
- uggi
- hliðarrák
- sundmagi
- svif
- flatfiskar
- fiskitorfa
- hátíðni
- þörungar
- beinfiskar
- brjóskfiskar
- hrygna
- hængur
- hrogn
- lyktarskin
- seiði
- pörun
- forniskúfur

Hugmyndir að verkefnum

- Lífsferill laxa
- Aðlögun fiska að umhverfi sínu (t.d. botnfiskar)
- Mismunandi varnarhættir og veiðiaðferðir fiska
- Samhjálp fiska, innan tegunda og við aðrar tegundir
- Bera saman fjölda hroгна milli tegunda fiska og tengsl þess við verndun hroгна og seiða
- Búa til nokkrar fæðukeðjur í sjó
- Bera öndun fiska saman við öndun annarra hryggdýra
- Athugun á fiski (krufning), ytri einkenni og innri líkamsgerð skoðuð
- Gera skrá yfir íslenska nytjafiska úr sjó, svo og alla íslenska ferskvatnsfiska

Til umræðu:

- Samskipti fiska
- Vöxtur fiska borinn saman við vöxt annarra hryggdýra (fiskar vaxa alla ævi)
- Litir fiska og mismunandi hlutverk þeirra

Tengsl við námskrá:

Úr lífvísindum: einkenni og fjölbreytni lífvera; lífsferlar; erfðir, aðlögun, þróun; bygging og starfsemi lífvera; atferli

Tengsl við námsefni:

Náttúran allan ársins hring

Lífrikið í fersku vatni

Lífandi veröld

Náttúruverkefni

Einkenni lífvera

Lífriki sjávar (bæklingar um hafið við Ísland)

Titill á frummáli: *Fish*

Þýðandi og þulur: Þorsteinn Helgason